

**Reykjavíkurborg**thorsteinnrh@reykjavik.is / usk.is**Til samþykktar. Tillaga að lækkun hámarkshraða á frárein af Nesbraut að Reykjanesbraut**

Yðar tilvísun:

Með vísan í 84 gr. umferðarlaga nr. 77/2019 varðandi „*Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk o.fl.*“ sendi ég hér með til samþykktar hjá Reykjavíkurborg og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tillögu frá vegþjónustudeild þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á frárein af Nesbraut 49-03 að Reykjanesbraut 41-11. Um er að ræða lækkun hámarkshraða úr 60 km/klst. í 50 km/klst. frá stöð 40 á umræddri frárein 49-03 að stöð ca. 520 á sama vegi eða þangað til hann tengist Reykjanesbraut 41-11. Sjá viðhengi

Tillagan er gerð að beiðni höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar sem viðbrögð við niðurstöðum umferðaröryggisrýnis vegna framkvæmda við fráreinina. Hún hefur fengið umfjöllun umferðardeildar og höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar og verið samþykkt af framkvæmdastjóra þjónustusviðs samkvæmt verklagsreglu 11.4.01 í gæðahandbók Vegagerðarinnar.

Svar óskast sent sem fyrst til undirritaðs.

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Guðmundur Ragnarsson

Verkefnastjóri

Vegþjónustudeild

Undirskrift

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Tillaga vegþjónustudeildar þjónustusviðs um lækkun hámarkshraða á frárein af Nesbraut 49-03 að Reykjanesbraut 41-11

Meðfylgjandi er tillaga vegþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á frárein af Nesbraut 49-03 að Reykjanesbraut 41-11. Um er að ræða lækkun hámarkshraða úr 60 km/klst. í 50 km/klst. frá stöð 40 á umræddri frárein 49-03 að stöð ca. 520 á sama vegi eða þangað til hann tengist Reykjanesbraut 41-11.

Tillagan er gerð að beiðni höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar sem viðbrögð við niðurstöðum umferðaröryggisrýnis.

Forsaga málsins er sú að nauðsynlegt reyndist að hliðra til frárein sem liggur frá Nesbraut (49-03) inn á Reykjanesbraut (41-11) vegna byggingar hjóla og göngustígs vestan og ofan við fráreinina ásamt því að setja vegrið á miðeyju á milli umræddrar fráreinar og fráreinar af Reykjanesbraut og inn á Nesbraut. Sjá mynd 4.

Í umferðaröryggisrýni á framkvæmdinni var gerð athugasemd við að vegriðið þrengi fráreinina ásamt því að reinin liggji í nokkuð kröppum boga. Lagt er til að hámarkshraði á fráreininni verði lækkaður úr 60 km/klst. í 50 km/klst.

Í upplýsingum frá hönnuði verksins kemur fram að eftir framkvæmdir stenst fráreinin ekki kröfur um þann beygjuradíus sem þarf til fyrir hönnunarhraðann 60 km/klst.

Samkvæmt því ásamt athugasemdum umferðaröryggisrýnihópsins um að vegrið þrengi fráreinina telst það nauðsynleg umferðaröryggisráðstöfun að lækka hámarkshraða á þessum kafla úr 60 km/klst. í 50 km/klst.

Tillagan hefur verið send umferðardeild og höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar til umfjöllunar og gera þau ekki athugasemdir við hana.

Einnig liggur fyrir samþykki framkvæmdastjóra þjónustusviðs Vegagerðarinnar. Svör þeirra fylgja hér á eftir

Í 84 gr. Umferðarlaga nr. 77/2019 kemur m.a. fram eftirfarandi: „Hraðamörk á þjóðvegum í þéttbýli skulu ákveðin að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og lögreglu“.

Samkvæmt því er þessi tillaga send viðkomandi sveitarfélagi og lögregluyfirvöldum til endanlegrar samþykktar.

Janúar 2021

Guðmundur Ragnarsson
Verkefnastjóri
Vegþjónustudeild




Mynd 1 Núverandi merkingar á svæðinu



Mynd 2 Horft í austur eftir frárein úr stöð ca 40.



Mynd 3 Horft í norðvestur út stöð ca. 230 fyrir framkvæmdir



Mynd 4 Þversnið ca. í stöð 200



Tillaga um lækun hámarkshraða á frárein af Nesbraut 49-03 að Reykjanesbraut 41-11

Svör umferðardeildar og svæðis og samþykki framkvæmdastjóra þjónustuviðs Vegagerðarinnar:

RE: Tillaga vegþjónustudeildar þjónustuviðs um lækun hámarkshraða á frárein af Nesbraut 49-03 að Reykjanesbraut 41-11

AD Auður Þóra Árnadóttir - VG
 Tí: Guðmundur Ragnarsson - VG, Bryndís Fríðrikadóttir - VG
 Af: Einar Pálsson - VG
 Þú mæðir þessu lágtí 22.12.2020 14:10.

Sæll Guðmundur,

Umferðardeild er samþykk tilögum og telur hana til þess talna að bæta umferðstryggi.

Annað, sem tengt umsigningu sem líkri ekki beint. Þatt í hug þegar ég var að skoða mynd 1 að það er óheppilegt að frárein hafi sama veg- og kaflanúmer og aðefvegurino, það gæti valdið ruglingi. Er það virkilega þannig í kartinu okkar?

Kveðja,
Auður

Auður Þóra Árnadóttir
 forstjóri/umdeildar umferðardeildar
 Umferð og umferðstryggi
 Head of Traffic and Road Safety
 +354 522 1023
 +354 864 0142
 Vegagerðin
 Hámarks hraði vegu
 Capital Region
 Reykjavík 57, 101 Reykjavík
 @vegagerdin.is

RE: Tillaga vegþjónustudeildar þjónustuviðs um lækun hámarkshraða á frárein af Nesbraut 49-03 að Reykjanesbraut 41-11

BF Bryndís Fríðrikadóttir - VG
 Tí: Auður Þóra Árnadóttir - VG, Guðmundur Ragnarsson - VG
 Af: Einar Pálsson - VG

Sæll Guðmundur,

Höfuðborgarsvæðið samþykkir lása tilögum.

Er Bryndís

Bryndís Fríðrikadóttir
 Svæðisþjafi Höfuðborgarsvæðis
 Regional Director Capital Region
 bfr@vegagerdin.is
 +354 522 1027
 +354 860 5690
 Vegagerðin
 Svæðis- og
 stjórnun
 Reykjavík 57, 101 Reykjavík
 @vegagerdin.is

RE: Tillaga vegþjónustudeildar þjónustuviðs um lækun hámarkshraða á frárein af Nesbraut 49-03 að Reykjanesbraut 41-11

BF Bergþóra Kristínadóttir - VG
 Tí: Guðmundur Ragnarsson - VG
 Af: Einar Pálsson - VG

Góðan daginn Guðmundur

Ég er samþykkt þessum tilögum og tel þær fallnar til að auka umferðstryggi á vefkomandi frárein. Samþykki því að DRÖgumar verði sendar viðkomandi sveitarfélagi og lögregluvirkindum til samþykktar.

Kær kveðja

Bergþóra

Bergþóra Kristínadóttir
 Framkvæmdastjóri
 Þjónustuviðs
 Director
 Service Division
 bergthora.kristinadottir@vegagerdin.is
 +354 522 1007
 +354 848 4616



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á frárein af Nesbraut að Reykjanesbraut.

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar hefur borist hjálögð tillaga Vegagerðarinnar, dags. 18. janúar sl., um lækkun á leyfilegum hámarkshraða úr 60 kílómetrum á klukkustund í 50 kílómetra á klukkustund, á frárein af Nesbraut að Reykjanesbraut.

Í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal hámarkshraði á þjóðvegum í þéttbýli ákveðinn af Vegagerðinni, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og lögreglu. Með vísan til viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, er erindið framsent skipulags- og samgönguráði til afgreiðslu.

Með vísan til þeirra forsendna sem fram koma í erindinu, er lagt til að tillaga Vegagerðarinnar verði samþykkt.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Erindi Vegagerðarinnar, dags. 18. janúar 2021.